

Nokkrar helstu listastefnur 20. aldar í Evrópu

SYMBOLISMI

Bókmennta- og listastefna á seinni hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar, oft kölluð *táknhyggja* á íslensku. Listamenn sem aðhylltust táknhyggjuna notuðu ýmiss konar myndtákn, merkingarfulla liti og form til þess að sýna huglæg hugtök. Til dæmis var slanga oft notuð sem tákn hins illa. Myndtáknin höfðu yfirleitt bókmenntalega, sögulega eða trúarheimspeki-lega skírskotun og voru oft mjög flókin. Myndhöggvarinn Einar Jónsson var einn helsti fulltrúi symbolismans á Íslandi.

MÓDERNISMI

Móðernismi er samheiti yfir helstu listastefnur 20. aldarinnar fram til 7. áratugarins. Ný heimsmynd með einstaklingsfrelsi og jafnrétti, og hugmyndir um að maðurinn átti sjálfur að ráða sínu lífi og aðstæðum, laus við boð og bönn frá yfirvöldum og kirkju, varð til þess að listamenn höfnuðu hinu hefðbundna myndmáli. Móðernistarnir settu listaverkið sjálft í öndvegi og sköpuðu nýtt myndmál sem tengdist þeirra eigin tíma. Efni, form og inntak áttu að vera í samræmi við hvert annað og mynda eina heild. Listaverkið átti að skýra sig sjálft án tilvitnana í heimssögu eða bókmenntir.

IMPRESSJÓNISMI

Frönsk listastefna þar sem listamennirnir reyndu að fanga áhrifin (impression) af birtu og ljósi náttúrunnar. Blómaskeið stefnunnar var á árunum 1870–1885. Impressjónistarnir vildu ekki gera myndir eftir minni eða þekkingu, þeir vildu gera myndir af því sem þeir sáu. Þeir fóru því út í náttúruna og skoðuðu þar hvernig ljós og litir breyttust yfir daginn og í mismunandi veðri. Þeir sáu að úti í náttúrunni var ljósið margbreytilegt og þannig átti ljósið einnig að vera í verkum þeirra. Ljós, litir, líf og hreyfing eru þar með helstu einkenni á verkum impressjónistanna. Verkin sögðu heldur engar sögur og höfðu engan boðskap, þau áttu aðeins að sýna augnablikið. Til þess að ná fram hreyfingu ljóssins í höggmyndum létu listamennirnir t.d. yfirborð verkanna vera óslétt. Og þeir sýndu augnablikið með því að láta manneskjur vera í tilviljanakenndum stellingum, eins og dansmær að laga sokkinn sinn. Helstu listamenn þessarar stefnu voru Claude Monet, Paul Cézanne, Auguste Renoir og Edgar Degas.

ÞÝSKUR EXPRESSJÓNISMI

Expressjónismi blómstraði í Þýskalandi á árunum 1905–25. Orðið expression merkir tjáning. Expressjónistar lögðu einmitt áherslu á að tjá tilfinningar og sýna innri líðan fólks í verkum sínum. Þetta gerðu þeir meðal annars með sterkum litum og formum. Til dæmis gat grænn litur í andliti manns táknað öfund og rauður litur reiði eða hatur. Expressjónistar voru mjög gagnrýnir á þjóðfélagið og oft endurspeglu verk þeirra aðstæðurnar í samfélaginu. Bæði Ernst Barlach og Käthe Kollwitz unnu tjáningarfullar höggmyndir með þungum og þéttum formum.

KÚBISMI

Listastefna á fyrri hluta 20. aldar. Kúbismi er dregið af gríska orðinu kybos sem þýðir teningur. Upphafsmenn stefnunnar voru Pablo Picasso og Georges Braque. Þeir tóku hliðsjón af hugmyndum listamannsins Paul Cézanne um að náttúran byggist öll á geómetrískum grunnformum, eins og ferningum, sívalningum og keilum. Kúbistarnir gengu þvert gegn hefðbundinni framsetningu mannlíkamans og fjarvíddinni. Formin voru einföld og geómetrísk hjá kúbistunum, til dæmis var mannshöfuð sýnt sem kúla og handleggur sem sívalningur. Og í verkum þeirra sést viðfangsefnið eða hluturinn oft frá mörgum sjónarhornum í einu. Auk þess að leggja áherslu á geómetrísk og einföld form höfðu kúbistarnir einnig mikinn áhuga á list annarra menningarsamfélaga. Til dæmis afrískri list, sem að mörgu leyti byggði á sömu formhugmyndum. Afrískar höggmyndir voru margar mjög einfaldaðar og hlutföll mannlíkamans öðruvísi en í raunveruleikanum.

SÚRREALISMI

Bókmennta- og listastefna á fyrri hluta 20. aldar. Súrrealismi er dregið af franska orðinu *surréal* sem merkir ofar veruleikanum. Súrrealistarnir leituðust eftir að þurrka út mörkin milli draums og veruleika með auðugu mynd- og táknmáli. Þeir leyfðu ímyndunaraflinu að ráða og settu oft saman hluti sem virtust vera algerlega óskyldir. Þannig storkuðu þeir vanalegri skynjun og komu ímyndunaraflinu af stað. En eitt af meginmarkmiðum súrrealistanna var að opna fyrir mönnum víðari sýn, ofar raunveruleikanum. Marcel Duchamp setti til dæmis pissuskál á sökkul og kallaði það listaverk. Þannig útvíkkuðu súrrealistarnir skilgreininguna á því hvað list er. Myndhöggvararnir Hans Arp og Alberto Giacometti gerðu einnig súrrealísk verk.

AFSTRAKT

Listastefna á 20. öld. Afstrakt verk eru óhlutbundin þannig að þau líkja ekki eftir raunverulegum fyrirmyndum eða hlutum, heldur leggja áherslu á form og liti. Form afstrakt verka eru einfölduð þannig að áhersla er lögð á aðalatriðin en aukaatriðum annað hvort sleppt eða gert lítið úr. Afstrakt list hefur verið skipt niður í nokkrar greinar, til dæmis *geómetrísk* og *ljóðræna*. Geómetrísk afstrakt list byggir á geómetrískum grunnformum: þríhyrningi, ferhyrningi og hring, einfaldri uppbyggingu og fáum hreinum litum. Geómetrísk afstrakt hefur líka verið kölluð konkret eða hlutstæð list. Í *ljóðrænni* afstrakt list eru form og litbeiting hinsvegar frjálslegri, taka jafnvel mið af náttúrunni og lífandi verum (eru lífræn eða organísk). Ásmundur Sveinsson, Sigurjón Ólafsson og Gerður Helgadóttir eru meðal fulltrúa Íslands í afstrakt höggmyndalist.